

LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 20. maí 2021.

Mál nr. 209/2021:

B

(*Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður*)

gegn

A

(*Hildur Sólveig Pétursdóttir lögmaður*)

Lykilorð

Kærumál. Erfðaskrá. Dánarbú. Opinber skipti.

Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem fallist var á kröfu A um að dánarbú C, móður hans heitinnar, yrði tekið til opinberra skipta. B og C, sem voru í hjúskap áður en C lést, höfðu gert með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá þar sem meðal annars var kveðið á um að heimild langlífari maka til setu í óskiptu búí félli niður við óvígða sambúð. Byggði A á því að B hefði hafð óvígða sambúð með H og hefði þar af leiðandi ekki lengur heimild til setu í óskiptu búí. Í úrskurði Landsréttar var rakið að í leyfi sýslumanns til handa B til setu í óskiptu búí væri ekki að finna skilyrði í þá veru sem erfðaskráin greindi, né heldur hefðu erfðalög eða önnur lög að geyma heimild til að setja slíkar skordur við setu í óskiptu búí svo sem gert var með erfðaskrá B og C. Var kröfu A því hafnað.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómaramirnir Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen og Hildur Briem, settur landsréttardómari, kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sónnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 29. mars 2021. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 19. apríl sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 16. mars 2021 í málinu nr. Q-[...]/2020 þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um að dánarbú C yrði tekið til opinberra skipta. Kæruheimild er í 1. mgr. 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.
- 2 Sónnaraðili krefst þess að hafnað verði kröfu varnaraðila um að dánarbú C verði tekið til opinberra skipta. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.
- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Niðurstaða

- 4 Málsvik eru rakin í hinum kærða úrskurði. Þar er meðal annars greint frá því að C og sóknaraðili, sem gengu í hjúskap 12. desember 2014, hafi gert með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá 17. ágúst 2016. Meginefni erfðaskrárinnar er sameiginleg ákvörðun þeirra um að langlífari maki geti setið í óskiptu búi eftir lát hins skammlífari eins lengi og hið langlífara óskar. Þá segir að heimildin „skal þó falla úr gildi ef við skiljum að borði og sæng eða lögskilnaði eða ef það okkar sem lengur lifir gengur í hjónaband að nýju, eða hefur sambúð“. Einnig er þess getið að allur arfur eftir C sem renni til varnaraðila, sem er sonur hennar, skuli vera séreign hans. Loks kemur fram í erfðaskránni sá vilji C að við erfðaskipti erfi varnaraðili 1/3 af hjúskapareign hennar í samræmi við 35. gr. erfðalaga nr. 8/1962, eða svo stóran hluta eigna hennar sem lög leyfa á hverjum tíma.
- 5 C lést [...] ágúst 2016. Sóknaraðili fékk leyfi sýslumanns til setu í óskiptu búi á grundvelli erfðaskrárinnar 19. september 2016. Í leyfi sýslumanns kemur fram að einu erfingjar hinnar látnu séu varnaraðili og sóknaraðili. Með hinum kærða úrskurði var fallist á beiðni varnaraðila um að bú móður hans yrði tekið til opinberra skipta en beiðnin var reist á ákvæði 3. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 þar sem mælt er fyrir um að erfingi geti, þrátt fyrir að maki hins látna hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi, krafist þess að dánarbúið verði tekið til opinberra skipta hafi hann heimild til þess eftir ákvæðum erfðalaga. Í forsendum úrskurðarins var komist að þeirri niðurstöðu að þar sem sóknaraðili kannaðist við að hafa hafið ástarsamband við sænska konu á sama tíma og hann hefði verið skráður til lögheimilis með henni í [...] yrði að telja nægilega sannað að sóknaraðili hefði hafið sambúð sem í skilningi erfðaskrárinnar nægði til að fella úr gildi heimild hans til setu í óskiptu búi.
- 6 Ákvæði um réttaráhrif leyfis til setu í óskiptu búi er að finna í II. kafla erfðalaga, sbr. breytingu með lögum nr. 48/1989. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. erfðalaga, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 48/1989, á það hjóna sem lengur lifir rétt á setu í óskiptu búi með stjúpniðjum sínum, hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða, án þess að aflað sé samþykkis samkvæmt 1. eða 2. mgr. greinarinnar, ef hið látna hefur mælt fyrir um þann rétt í erfðaskrá. Með þessari breytingu var lögfest ný regla í því skyni að bæta stöðu langlífari maka gagnvart stjúpniðjum, eins og segir í athugasemdum með 3. gr. frumvarps þess er varð að framangreindum lögum, þar sem gert er ráð fyrir því að skammlífari maki geti veitt þeim langlífari rétt til setu í óskiptu búi með fyrirmælum í erfðaskrá þannig að slík heimild verði ekki háð samþykki fjárráða stjúpbarna hans eða forsjármanna ófjárráða stjúpbarna.
- 7 Í athugasemdum með framangreindu lagafrumvarpi segir meðal annars að þess hafi gætt í talsvert ríkara mæli í framkvæmd að stjúpniðjar standi í vegi fyrir setu langlífari maka í óskiptu búi heldur en sameiginlegir niðjar hjóna. Áberandi sé við slíkar aðstæður að hjón hafi leitast við að tryggja stöðu hins langlífari með ýmsum hætti, til dæmis með fyrirmælum í erfðaskrá um aukinn erfðahlut hins langlífari fái hann ekki

leyfi til setu í óskiptu búi eða með því að gera kaupmála um að eignir verði að meira eða minna leyti séreignir þess sem lengur lifir. Ráðstafanir sem þessar ná sjaldan því markmiði að gera hið langlífara eins sett og ef það sæti í óskiptu búi. Því þjóni reglan að mörgu leyti hagsmunum allra hlutaðeigandi. Þá er sérstaklega tekið fram um skýringu á 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins að gert sé ráð fyrir að erfðaskrá, sem veitir langlífari maka umræddan rétt, geti hvort sem er verið sameiginleg erfðaskrá beggja hjónanna eða einhliða erfðaskrá þess sem skemur lifir. Efnislega þyrfti slík erfðaskrá ekki að kveða á um annað en rétt langlífari maka til setu í óskiptu búi. Hafi erfðaskrá sem þessi verið gerð þyrfti langlífari maki ekki að leita eftir afstöðu fjárráða stjúpnidja eða forsjármanna ófjárráða stjúpnidja til umsóknar um leyfi til setu í óskiptu búi, heldur fengist leyfið á grundvelli erfðaskrárinnar ef umsækjandinn fullnægir hæfisskilyrðum til setu í óskiptu búi. Þá er enn fremur vakin sérstök athygli á því að ef leyfi yrði fengið til setu í óskiptu búi með þessum hætti, ættu stjúpnidjar þess ekki kost að krefjast skipta eftir reglum 14. gr. erfðalaga en þeir ættu sem hingað til rétt á að krefjast skipta vegna meðferðar langlífari maka á eignum búsins samkvæmt 1. mgr. 15. gr. erfðalaga.

- 8 Í fyrrnefndu leyfi sýslumanns til setu í óskiptu búi til handa sóknaraðila er ekki að finna skilyrði í þá veru sem erfðaskráin greinir, það er að skorður séu reistar við því að leyfishafi hefji sambúð að nýju. Slíkar skorður er heldur ekki að finna í erfðalögum en þar er á hinn bóginn kveðið á um að heimild maka til setu í óskiptu búi falli niður gangi hann í hjúskap að nýju, sbr. 2. mgr. 13. gr. erfðalaga. Þá er erfingja heimilt að krefjast skipta sér til handa ef hann sannar að maki vanræki framfærsluskyldu sína gagnvart sér eða rýri efni bús með óhæfilegri fjárstjórn sinni eða veiti tilefni til að óttast megi slíka rýrnum, sbr. 1. mgr. 15. gr. erfðalaga en á því ákvæði og slíkum málsástæðum er krafa varnaraðila um opinber skipti á dánarbúinu ekki reist. Öðrum lagaheimildum er ekki til að dreifa til handa erfingja til að krefjast þess að dánarbú sé tekið til opinberra skipta þegar maki situr í óskiptu búi en slík lagaheimild er nauðsynlegur grundvöllur að töku bús til opinberra skipta, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991.
- 9 Samkvæmt öllu framangreindu brestur að lögum skilyrði til að taka til greina kröfu varnaraðila um að dánarbú C verði tekið til opinberra skipta en óheimilt er að binda heimild í erfðaskrá fyrir langlífari maka til setu í óskiptu búi þeim skilyrðum sem um ræðir. Verður kröfu varnaraðila því hafnað.
- 10 Með bréfi 19. maí 2021 sendi lögmaður sóknaraðila Landsrétti gjafsóknarleyfi, útgefið af dómismálaráðuneytinu 19. apríl sama ár og freistaði þess jafnframt að breyta kröfugerð sóknaraðila fyrir réttinum þannig að krafist væri kærúmálskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Af hálfu sóknaraðila er byggt á því að gjafsóknarleyfið eigi einnig við um kærúmálið þar sem leyfið hafi fyrst verið gefið út eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar og vísar þar um til 127. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Á þetta verður ekki fallist. Sóknaraðili kærði úrskurð

héraðsdóms sem ekki var gagnkærður af varnaraðila. Því eiga ekki við ákvæði 5. mgr. 127. gr. laganna. Þá er gjafsókn sóknaraðila samkvæmt gjafsóknarleyfinu takmörkuð við rekstur málsins fyrir héraðsdómi og hefur sóknaraðili ekki fyrir Landsrétti haft uppi kröfu um greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi.

11 Rétt þykir að kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Kröfu varnaraðila, A, um að dánarbú C verði tekið til opinberra skipta, er hafnað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 16. mars 2021

Mál þetta barst dómnum þann 25. september sl. með bréfi sóknaraðila, A, kt. [...], [...], [...], dagsettu 18. september sl. Hann gerði þá kröfu með vísan til 38. gr. laga nr. 20/1991 að dánarbú varnaraðila, móður hans, C, kt. [...], sem lést þann [...] ágúst 2016, verði tekið til opinberra skipta. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Eftirlifandi eiginmaður C, B, kt. [...], hefur tekið til varna fyrir hönd dánarbúsins og krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Málið var þingfest þann 11. nóvember sl., og tekið til úrskurðar að lokinni aðalmeðferð þann 16. febrúar sl.

Málavextir

C heitin og B munu hafa verið í sambúð frá árinu 2011 eða 2012, en þau gengu í hjónaband 12. desember 2014. Þau áttu engin börn saman en C er móðir sóknaraðila, A og B á synina D og E. C mun hafa greinst með krabbamein árið 2012 og af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að hún hafi viljað auka arfshluta hans og ráðstafa til hans eins miklu og unnt væri þrátt fyrir hjúskapinn. Hafi hún látið skýrlega í ljós þann vilja sinn að B myndi einungis fá að sitja í óskiptu búi í þrjú ár, en að þeim tíma liðnum hafi hún viljað að búinu yrði skipt. Hafi hún rætt þetta við bróðurson sinn, F lögmann, en hann hafi fengið samstarfsfélaga sinn, G lögmann til þess að ganga frá sameiginlegri erfðaskrá C og B á líknardeild þar sem C lá. Erfðaskráin var undirrituð af þeim í votta viðurvist þann 17. ágúst 2016, en C lést 12 dögum síðar. Samkvæmt 2. gr. erfðaskrárinnar var það sameiginleg ákvörðun þeirra að hið langlífara geti setið í óskiptu búi eftir lát hins skammlífara eins lengi og hið langlífara vill. Þessi heimild skal þó falla úr gildi ef þau skilja að borði og sæng eða lögskilnaði eða ef það þeirra sem lengur lifir gengur í hjónaband að nýju, eða hefur sambúð. Í erfðaskránni er ekki að finna ákvæði þess efnis að B myndi einungis fá að sitja í óskiptu búi í þrjú ár.

Sóknaraðili kveðst hafa ákveðið, í samræmi við vilja móður sinnar, að bíða í þrjú ár frá andláti hennar til að kanna hvort B myndi ekki skipta búinu. Hafi ekkert borið á neinum tilburðum í þá átt og hafi hann látið skýrt í ljós að hann réði því einn hvort og þá hvenær hann myndi skipta búinu. Sóknaraðili kveðst hafa fengið upplýsingar um að B hafi a.m.k. um nokkurra mánaða skeið verið í sambúð með samskipti konu, H og hafi þau búð saman í íbúð í [...] í [...]. Þá bendi opinberar samskipti upplýsingar til sambúðar þeirra í lítilli 56 m² íbúð. B kveðst hins vegar hafa flust til [...] snemma um vorið 2019 og ætlað að dvelja þar tímabundið þar til [...] hæfist, en ekki hafi orðið af því og hafi hann því í lengst í [...]. Hafi hann frá maímánuði árið 2020 leigt íbúð af H og ætlað heim í sumarlok það ár, en vegna sóttvarnaraðstæðna hafi það tafist og hafi hann ekki komið heim fyrir en um miðjan október sama ár. B mótmælir því að hann sé eða hafi verið í óvígðri sambúð nokkurn tíma frá andláti eiginkonu sinnar.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila

Sóknaraðili byggir á því að taka beri dánarbú C til opinberra skipta samkvæmt 3. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991, en samkvæmt því ákvæði geti erfingi krafist þess að dánarbú verði tekið til opinberra skipta hafi hann heimild til þess eftir ákvæðum erfðalaga. Sóknaraðili sé ekki sonur eftirlifandi maka C og sé seta B alfarið reist á ákvæðum erfðaskrár C og B. Tveir lögmennt geti vitnað um þann einbeitta vilja C að heimild B til setu í óskiptu búí væri tímabundin í þrjú ár. Þá segi í 2. mgr. 2. gr. erfðaskrárinnar að heimildin skuli falla niður ef það sem lengur lifir gengur í hjúskap að nýju eða hefur sambúð. Samkvæmt opinberum sænskum gögnum sé B í sambúð með H og sé ljóst að hann og sambýliskona hans hafi undanfarið eytt af samfélagsmiðlum myndum og textum sem sýni fram á samband þeirra. B og H búí saman í lítilli eins herbergis 54 m² íbúð þannig að greinilegt sé að þau séu saman og deili m.a. svefnherbergi. H hafi ferðast með honum til Íslands og beri skilaboð á milli þeirra á samfélagsmiðlum skýrt með sér að um sambúð og ástarsamband sé að ræða. Með vísan til þeirrar staðreyndar séu skilyrði 2. gr. erfðaskrárinnar fyrir setu í óskiptu búí fallin niður og því beri að skipta dánarbúinu.

Þá byggir sóknaraðili á því að skilyrði fyrir setu í óskiptu búí sé fallið niður þar sem vilji C til að heimila setu í óskiptu búí hafi verið bundinn við þrjú ár, en fyrir mistök hafi þessa ekki verið getið í erfðaskránni.

Málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðili byggir á því að B hafi skýran og óskilyrtan rétt til setu í óskiptu búí svo lengi sem hann vill skv. 2. mgr. 2. gr. sameiginlegrar og gagnkvæmrar erfðaskrár aðila. Hún sé gild að lögum, um sé að ræða formbundinn löggerning sem verði ekki breytt eða hann lagður til hliðar með yfirlýsingu þriðja manns, lögmanns, sem ekki hafi átt aðild að erfðaskránni. Sé yfirlýsing lögmannsins þýðingarlaus með öllu fyrir málsástæður sóknaraðila.

Það eina sem gæti leitt til niðurfalls leyfis til setu í óskiptu búí sé óvígð sambúð eða hjónaband B en hvorugt sé til staðar með vísan til hjúskaparvottorðs hans. Þar komi fram að hann sé ekill og þegar af þeirri ástæðu hvorki í sambúð né hjónabandi. Ætti leyfið að falla niður yrði að vera um að ræða annað hvort skráningu í sambúð eða hjónaband, þannig að ótvírætt væri að hjúskaparstaða eftirlifandi maka væri breytt. Í öllu falli yrði að miða við skilgreiningar á hugtakinu óvígð sambúð sem finna megi víða í lögum, t.d. í 100. gr. laga nr. 20/1991, þar sem miðað sé við skráningu í þjóðskrá eða önnur ótvíræð gögn, svo og tveggja ára sambúðartíma.

Þá er byggt á því að sóknaraðili hafi enga heimild til að óska eftir skiptum á búinu án þess að hafa fyrirfram sýnt fram á og sannað að einhver atvik eigi við sem eigi að leiða til niðurfellingar einkaskiptaleyfis. Leyfið sé ótímabundið og geti ekki fallið niður nema fyrir liggja skráning á sambúð eða hjónabandi B. Þá skipti máli að hið óskipta bú sé að helmingi í eigu B sem búshluti hans og þá sé aðaleign búins íbúðarhúsnæði hans. Sé því viðbúið að aðstæður hans og afkoma yrðu í uppnámi ef hann yrði sviptur þeim möguleika að eiga áfram búsetu í eigninni. Það hafi verið einn megintilgangurinn hjá aðilum með gerð erfðaskrárinnar að tryggja aðstæður og afkomu þess hjóna sem lengur lifði.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á ákvæðum erfðalaga nr. 8/1962, einkum 8. og 15. gr., svo og IV. kafla laganna, svo og ákvæðum laga nr. 31/1993, einkum XIV. kafla um fjárslitareglur. Þá er vísað til 100. gr. laga um skipti á dánarbúum og ákvæða IV. kafla laganna. Krafa um málskostnað er reist á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um þá kröfu sóknaraðila að dánarbú móður hans, varnaraðila í máli þessu, verði tekið til opinberra skipta. Eftirlifandi maki móður sóknaraðila, B, situr í óskiptu búí á grundvelli sameiginlegrar erfðaskrár hans og C heitinnar, sem gerð var [...] ágúst 2016, eða 12 dögum fyrir andlát hennar. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram í fyrsta lagi að vilji móður hans hafi staðið til þess að seta B í óskiptu búí yrði tímabundin og skyldi henni ljúka að þremur árum liðnum. Þessa skilyrðis er að engu getið í erfðaskránni, en hins vegar er í henni ákvæði þess efnis að þessi heimild skuli falla úr gildi ef það þeirra sem lengur lifir gengur í hjónaband að nýju eða hefur sambúð. Með vísan til framanritaðra skilmála

erfðaskrárinnar verður ekki á það fallist að seta B í óskiptu búí hafi verið tímabundin til þriggja ára og verður dánarbúið ekki tekið til opinberra skipta á þeim grundvelli.

Af hálfu sóknaraðila er í öðru lagi á því byggt að B hafi hafið sambúð með sænskri konu og hefur þess verið freistað að leggja fram gögn sem sýna fram á þá staðhæfingu. B skýrði svo frá fyrir dómi að samband hans og C heitinnar hafi hafist haustið 2007 og hafi þau byrjað að búa saman 1. janúar 2011. Hann kvað þau hafa rætt um gerð erfðaskrár og hafi lögfræðingur aðstoðað þau við það. Hafi verið skrifað undir hana á sjúkrahúsi þar sem C hafi legið. Hann kvað aldrei hafa rætt um að leyfið til setu í óskiptu búí ætti að vera tímabundið. Hann kvaðst hafa flutt til [...] í maí 2019 og hafi hann ætlað að fara heim á [...], en hætt hafi verið við hana og hafi hann ekki komið heim fyrr en haustið 2020. Hann kvaðst hafa leigt íbúð af H síðla árs 2019 en þau hafi ekki verið í sambúð, en í febrúar eða mars 2020 hafi þau orðið kærustupar og væru það enn. Þau hafi verið góðir vinir og hafi hún dvalið í sumarbústað á meðan hann var í íbúðinni. Hann kannaðist við að hún hefði komið heim til sín annað slagið. Hann kannaðist við að hafa verið með skráð lögheimili í íbúðinni en hann hafi ekki skráð sig í sambúð. Hann kvaðst nú búa að [...] í [...] og ekki vera í sambúð.

G lögmaður kvað hafa verið talað um það milli aðila að í erfðaskránni ætti að standa að eftir þrjú ár ætti að skipta búinu. Hann kvað þennan vilja hafa komið fram að þeim báðum viðstöddum, en C hafi verið virkari í samtalinu. Hann mundi ekki eftir því að B hafi talað um þessi þrjú ár, en hann hafi ekki andmælt þessu. G kvaðst hafa talið að ekki væri heimilt að setja slíkt tímabundið ákvæði í erfðaskrána og því hafi það ekki verið gert.

F lögmaður kvað C hafa haft samband við sig vegna gerðar erfðaskrár. Hún hafi viljað skýrt að miðað yrði við að B sæti í óskiptu búí í þrjú ár. Hann kvaðst hafa ákveðið vegna fjölskyldutengsla að útbúa ekki erfðaskrána heldur fá annan lögmann til þess, G. Hann kvaðst hafa sagt G frá þessari ósk C um þrjú árin og kvaðst hann hafa reiknað með því að G tæki við boltanum. Hann kvaðst ekki hafa talað við B um erfðaskrána.

Samkvæmt vottorði frá Þjóðskrár Íslands dagsettu 27. nóvember sl. er B skráður sem ekkill með lögheimili að [...] í [...]. Þá liggur fyrir vottorð frá þjóðskránni þess efnis að B hafi verið með lögheimili í [...] frá 10. maí 2019 til 23. október 2020. Hann kvaðst hafa leigt íbúð af H síðla árs 2019 en þau hafi ekki verið í sambúð, en í febrúar eða mars 2020 hafi þau orðið kærustupar og væru það enn. Hann hafi verið með lögheimili í íbúð hennar og samræmist það framlögðum gögnum frá [...].

EKKI verður fram hjá því litið að nægilega hefur verið sýnt fram á að vilji C heitinnar stóð til þess að B fengi einungis að sitja í óskiptu búí í þrjú ár, en þar sem það ákvæði rataði ekki inn í erfðaskrána verður dánarbúið ekki tekið til opinberra skipta á þeim grundvelli eins og að framan er rakið. Kemur þá til skoðunar hvort litið verði þannig á að B hafi hafið sambúð sem með vísan til ákvæða erfðaskrárinnar á að leiða til þess að taka beri dánarbúið til opinberra skipta.

Þar sem B hefur kannast við að hafa hafið ástarsamband við sænska konu á þeim tíma sem hann var skráður til lögheimilis með henni í [...], verður að telja nægilega sannað að hafist hafi sambúð milli þeirra sem í skilningi erfðaskrárinnar nægir að mati dómsins til þess að heimild hans til setu í óskiptu búí skuli falla úr gildi. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Hjörtur O. Aðalsteinnsson dómstjóri kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Dánarbú C, kt. [...], skal tekið til opinberra skipta.

Málskostnaður fellur niður.